

48

24. apríl Sjóðurinn skal vera í umsjá Oddfellowstúkunnar nr. 5, Þorsteinn I.O.O.F. í Reykjavík. Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, kosnir af stúkunni og skulu a. m. k. tveir stjórnarmanna vera bræður í stúkunni.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal endurskoða á sama hátt og aðra sjóði Oddfellowreglunnar, eins og grundvallarlög hennar mæla fyrir um.

8. gr.

Leita skal stjórnarráðssamþykktar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt er úr gildi felld skipulagsskrá frá 17. marz 1954 (B-deild Stjórnartíðinda 1954, nr. 30).

49

25. apríl **AUGLÝSING**  
um umferðarljós í Reykjavík.

Samkvæmt III. kafla reglugerðar nr. 61 24. marz 1959 um umferðarmerki og notkun þeirra, hafa verið tekin í notkun umferðarljós á tveimur gatnamótum í Reykjavík.

1. Hverfisgötu og Snorrabraut.
2. Laugavegi og Nóatúni.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 25. apríl 1961.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

50

2. maí **SAMÞYKKT**  
um afgreiðslutíma verzlana á Akureyri.

1. gr.

Sölubúðum á Akureyri skal lokað dag hvern eigi síðar en segir í samþykkt þessari.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal almennum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 18. Þó skulu vera frá þessu þær undantekningar, er nú skal greina, sbr. 3. gr.

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13, nema þessa daga beri upp á mánudag, þá er heimilt að hafa búðir þessar opnar til kl. 16.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 24.

Síðasta laugardag fyrir jól eða annan virkan dag skömmu fyrir jól er heimilt að halda búðum opnum til kl. 22.

Á tímabilinu frá og með 1. október til 30. apríl skal lokað eigi síðar en kl. 50 16 á laugardögum (vetrartími). Á tímabilinu 1. maí til 30. september skal loka 2. maí eigi síðar en kl. 13 á laugardögum, en á föstudögum er heimilt að halda búðum opnum til kl. 19.

### 3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst mega engar almennar sölubúðir vera opnar, sbr. þó 5. 6. og 7. gr.

Hinn 1. maí og 1. desember skal sölubúðum lokað kl. 12 á hádegi, ef þá daga ber upp á virka daga.

### 4. gr.

Brauð- og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst frá kl. 10 f. h. til kl. 2 e. h. einöngu til sölu á brauðvörum, mjólk og mjólkurvörum.

### 5. gr.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

### 6. gr.

Bæjarstjórn getur leyft, að vikið sé frá framangreindum ákvæðum um lokunartíma sölubúða, þegar um er að ræða:

- Biðskýli byggð samkvæmt sérstöku leyfi bæjarráðs.
- Verzlanir, sem hafa sérstakt leyfi bæjarráðs og heilbrigðisnefndar til að verzlameð takmarkaðan fjölda vörutegunda (blöð, tóbaksvörur, öl, gosdrykki og ís).
- Veitingastaðir, sem samkvæmt sérstöku leyfi bæjarráðs, selja vörur, sem ekki er ætlað að neyta á staðnum. Undanþegnir gjaldi samkvæmt síðustu málsgrein eru þeir veitingastaðir, sem selja heitar máltíðir, enda sé sú starfsemi megin hluti rekstrarins, að dómi heilbrigðisnefndar.

Má í verzlunarstöðum þessum selja þann varning, er heilbrigðisnefnd samþykkir hverju sinni, og er umbúnaður þeirra og fyrirkomulag háð samþykkt heilbrigðisnefndar. Í verzlunarstöðum þessum má sala fara fram á virkum og helgum dögum kl. 8.00—23.30. Þó skal lokað föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní og jóladag og aðfangadag jóla og gamlársdag samkvæmt því, sem segir í 2. gr.

Fyrir leyfi til verzlunarrekstrar samkvæmt þessari grein skal leyfishafi greiða árlegt gjald til bæjarsjóðs, er greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Bæjarráð ákveður gjald þetta til eins árs í senn. Gjald þetta má innheimta með lögtaki. Bæjarráði er heimilt að setja nánari reglur um leyfi til verzlunarrekstrar samkv. þessari grein, m. a. að leyfi sé afturkallanlegt, hvenær sem er, ef leyfisskilyrðum eða reglum varðandi reksturinn er ekki fylgt.

### 7. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan verzlana nokkurn þann varning, sem verzlunarleyfi þarf til að selja. Heimilt er þó að selja eftir lokunartíma kol, salt, olíur, veiðarfæri og vistir til skipa, sömuleiðis er heimilt að veita viðtöku vörum aðkomumanna í geymsluhús verzlana.

### 8. gr.

Heimilt er að afgreiða eftir lokunartíma sölubúða þá, sem komnir eru inn í búðina fyrir lokunartíma.

50

2. maí

Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga, ef sala verzlunarinnar fer fram til ágóða fyrir góðgerðarstofnanir og fyrirtæki að dómi lögreglustjóra.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 100.00—5000.00 krónum, og renna sektirnir í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akureyrar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 35 1. marz 1949, um lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. maí 1961.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

51

5. maí

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Landspítala Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðuneytinu 5. maí 1961. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningargjafasjóð Landspítala Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningargjafasjóður Landspítala Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1916 og hefur hann aukizt síðan með fé því, er honum hefur gefizt til minningar um látna menn.

3. gr.

Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 1834251.65 — ein milljón átta hundruð þrjátíu og fjögur þúsund tvö hundruð fimmtíu og ein 65/100 krónur —. Höfuðstól þennan og það, sem við hann kann að bætast má eigi skerða.

4. gr.

Árlega skal leggja við höfuðstól  $\frac{1}{6}$  hluta vaxta.

5. gr.

Því sem sjóðnum kann að áskotnast umfram vexti, skal ásamt þeim hluta vaxta, er eigi leggjast við höfuðstól samkv. 4. gr., varið í fyrsta lagi til hjálpar sjúklingum,